# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar vegna breytingar á landnotkun í Sandgerði.**

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) staðfesti 20. ágúst 2026 óverulega breytingu á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034, sem samþykkt var í bæjarstjórn 5. nóvember 2025.

Í breytingunni felst að afþreyingar- og ferðamannasvæði AF-3 stækkar úr 2,2 ha í 2,3 ha, samfélagsþjónusta (kirkja) S-13 stækkar úr 0,4 ha í 0,5 ha, opið svæði OP-2 minnkar úr 144,6 ha í 144,4 ha og íbúðarsvæði ÍB-12 minnkar lítillega en hefur ekki áhrif á töflu í greinargerð.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 20. ágúst 2026.*

**Ólafur Árnason.**

---

B deild - Útgáfudagur: 3. september 2026